



Ársreikningur 2016

Handknattleiksdeild

Yngri flokkar



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

Rögnvaldur Dóri Pétursson


Bjarni Torfi Alfbórsson




Áritun stjórnar


Stjórn unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017


Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir


Saga Omarsdóttir

Eva Margrét Kristinsdóttir


Helga Charlotte Reynisdóttir

Lovísa Asgeirsdóttir



Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2016

Skýrsla barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu 2016

Starf 2. til 8. flokks karla og kvenna

Unglingaráð veturinn 2016 - 2017 var þannig skipað:

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, formaður
Hervör Pálsdóttir, gjaldkeri (fór í leyfi frá áramótum 2016/2017)
Saga Ómarsdóttir, gjaldkeri frá áramótum 2016/2017
Eva Margrét Kristinsdóttir, meðstjórnandi
Helga Charlotte Reynisdóttir, meðstjórnandi
Lovísa Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Saga Ómarsdóttir, meðstjórnandi
Viggó Kristjánsson, meðstjórnandi (fór í leyfi frá hausti 2016).

Iðkendur veturinn 2016–2017 voru **263**, sem skiptist í 118 stelpur og 165 stráka.

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram samtals 39 liðum frá 8. flokki karla og kvenna til 2. flokks karla og 3. flokks kvenna á tímabilinu. Gróttu sendi lið á bæði Íslandsmótin og í bikarkeppnina. Almennt hefur jákvæðni og gleði einkennt leik liðanna og hafa flest liðin sýnt góðar framfarir. Boðið hefur verið upp á séræfingar, þar á meðal markmannsæfingar, fyrir 6., 5. og 4. flokk karla og kvenna.

Skipting í lið 2015 – 2016 var eftirfarandi:

Flokkur	Konur	Karlar
2.fl.		1 lið
3.fl.	1 lið	1 lið
4.fl.	2 lið	3 lið
5.fl.	2 lið	3 lið
6.fl.	2 lið	4 lið
7.fl.	6 lið	5 lið
8.fl.	5 lið	5 lið
Samtals	18 lið	17 lið

Afrok Gróttukrakkanna á vellinum hafa vakið athygli og á Gróttu nú nokkra leikmenn sem valdir hafa verið í yngri landsliði Íslands á tímabilinu. Uppskeruhátíð vegna starfsins veturinn 2015 – 2016 var haldin í lok maí 2016 þar sem iðkendur fengu viðurkenningarsskjöl fyrir þátttöku sína hjá deildinni ásamt viðurkenningu fyrir frammistöðu. Þar voru Gróttustelpur í 5. flokki kvenna, yngra ár, sérstaklega óskað til hamingju með árangurinn en þær urðu Íslandsmeistarar vorið 2016. Öðrum liðum gekk einnig vel en Gróttustelpur í 6. flokki kvenna, yngra ár, urðu í 2. sæti um baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn í sínum aldursflokki. Enn fremur sigruðu Gróttustelpur B-úrslit 4. flokks kvenna, yngra ár, og eldra árið í 4. flokki varð í 1. sæti í 2. deild og hóf því keppni í 1. deild í haust. Gróttustrákum gekk líka vel á vellinum og urðu Gróttustrákarnir í 5. flokki, yngra ár, í 2. sæti í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn. Enn fremur unnu bæði lið Gróttu í 5. flokki, eldra ári, sínar deildir á lokamóti vetrarins, annars vegar 2. deild og hins vegar 4. deild. Þá unnu Gróttustrákar í 6. flokki, yngra ár, 3. deildina á lokamóti vetrarins. Hófu þessi lið því öll keppni í haust í næstu deild fyrir ofan.

Barna- og unglíngaráð handknattleiksdeildar Gróttu hélt þrjú mót fyrir yngri flokka á þessu tímabili. Fyrsta mótið sem Gróttu hélt var Hertz-mótið (6. flokkur kvenna, eldra ár) sem haldið var í byrjun október 2016. Því næst kom Cheerios-mótið fyrir 8. flokk þar sem tæplega 500 stelpur og strákar tóku þátt. Þar skein gleðin úr hverju andliti en margir voru þar að stíga sín fyrstu skrefa á handboltavellinum. Voru allir þátttakendur leystir út með verðlaunapening og ís. Síðasta mót vetrarins í umsjón Gróttu var síðan Miklaborgs-mótið sem haldið var í lok janúar en þá mættu til leiks 5. flokkur kvenna, yngra ár. Mótin gengu afar vel fyrir sig og mikil ánægja var meðal iðkenda, foreldra þeirra og þjálfara. Er barna- og unglíngaráð einstaklega þakklátt fyrir stuðning þessara fyrirtækja sem sáu sér fært um að styðja mótshaldið. Þá voru spilaðir fjölmargir heimaleikir í 2. - 4. flokki karla og kvenna.

Ljóst er að margir þurfa að leggja hönd á plóg þannig að allt gangi vel fyrir sig, bæði á mótum sem og heimaleikjum. Barna- og unglíngaráð er mjög þakklátt fyrir þá ómetanlegu vinnu sem fjölmargir aðilar hafa lagt til svo Gróttu sé sómi að, hvort sem þeir hafa tekið að sér dómgæslu, ritarastörf eða sjoppuvaktina. Engu að síður er ljóst að finna þarf betra kerfi að því er varðar dómgæslu á heimaleikjum 4.-2. flokks en sú vinna liggur á fáum herðum og oft á tíðum erfitt að finna dómara. Þar mun ráðið óska eftir nánara samstarfi við meistaraflokka handknattleiksdeildarinnar og er þá einnig reiðubúið að skoða gagnkvæmt samstarf við aðstoð á heimaleiki meistaraflokkanna.

Áhersla barna- og unglíngaráðs handknattleiksdeildarinnar hefur verið að byggja upp innra starf yngri flokka handknattleiksdeildarinnar. Ráðið hefur unnið eftir stefnu sinni sem var gefin út í október 2015 og er að finna á heimasíðu félagsins <http://grottasport.is/handbolti/stefna/>. Markmiðið er að handboltþjálfun sé skipulögð og markviss þar sem allir iðkendur fá verkefni við sitt hæfi og tækifæri til þess að ná framförum. Gildi yngri flokka handknattleiksdeildarinnar eru eftirfarandi:

Metnaður

- Allir fá notið sín og nái framförum.

Vinátta

- Gleðin í öndvegi þar sem stuðlað er að jákvæðum samskiptum í uppbyggilegu umhverfi.

Virðing

- Allir beri virðingu fyrir hver öðrum.

Árangur

- Viðhorf, vinnubrögð og hugarfar til árangurs.

Áfram var áherslan á að hafa gaman af því að spila handbolta; í öðru lagi að allir nái framförum, líka þeir sem eru seinni til, og í þriðja lagi að enginn hætti að æfa handbolta. Verður að ætla að þetta sé til þess fallið að ná fram góðri liðsheild sem skilar árangri til lengri tíma.

Mikilvægt er að veita iðkendum tækifæri til að þroska sig sem einstaklinga, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar og ekki síst að öðlast jákvæða sjálfsmynd og gott sjálfstraust innan vallar sem utan.

Í því skyni að fylgja stefnunni eftir hófst starfið í ágúst 2016 með því að fá Dr. Viðar Halldórsson, félagsfræðing, til að ræða við þjálfara og ráðið á sameiginlegum fundi. Var það hugsað sem eins konar upprifjun frá fyrirlestri Viðars frá því í janúar 2016 sem hann hélt fyrir iðkendur annars vegar í 2.-3. flokki karla og kvenna og hins vegar 4.-5 flokki karla og kvenna ásamt foreldrum þeirra undir yfirskriftinni Hvað þarf til að ná árangri? Þar var fjallað um metnað, hugarfar og liðsheild í íþróttum barna og unglínginga að teknu tilliti til aldurs þeirra. Markmiðið var að efla iðkendur á einstaklingsbundnum grundvelli sem og í liði og stuðla að jákvæðum samskiptum milli iðkenda.

Í fyrirlestri sínum fyrir þjálfara í ágúst fór Viðar yfir ástæður velgengni íslenskra landsliða sem hann taldi líklega mega rekja til meiri þekkingar í þjálfun og þá ekki síst vegna betra aðgengis að efni fyrir þjálfara sem hann jafnframt hvatti þjálfara til að nýta sér. Enn fremur lagði Viðar áherslu á mikilvægi þess að byggja liðsheildina, og þar með árangurinn, upp á stemmingu en það sé alveg ljóst að það þurfi að vera gaman til að gangi vel. Það eigi við hjá meistaraflokkum liða sem og hjá yngri flokkunum. Það þurfi að byggja starfið innan yngri flokkanna á gleðinni og tryggja fjölbreytni þannig að allir finni til sín. Að öðrum kosti hætti börn að æfa íþróttina og finni sér eitthvað annað að gera. Mikilvægt sé að ýta undir frumkvæði leikmanna og finna leiðir til að kenna leikskilning. Hjá yngri flokkunum þurfi að gæta þess að leggja ekki höfuðáherslu á sigur í öllum leikjum heldur frekar að hvetja iðkendur til að tileinka sér nýja færni og þá sé leyfilegt að gera mistök því án þeirra bætir sig enginn. Nefndi hann nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Á fundinum var einnig lögð áhersla á að þjálfarar og aðstoðarþjálfarar þeirra veiti öllum iðkendum sínum athygli og þeir hvattir til að fylgjast með frammistöðu allra, þar á meðal þeirra sem eru seinni til að tileinka sér nýja færni. Til að auðvelda þjálfurum að hafa yfirsýn yfir hópinn voru kynntir sérstakir gátlistar sem eru ætlaðir þjálfurum til að meta frammistöðu einstakra iðkenda og hvar þurfi að gera betur.

Á haustdögum voru þjálfarar yngri flokka handknattleiksdeildarinnar hvattir til að sækja fyrirlestur Páls Ólafssonar, félagsfræðings, sem haldinn var á vegum aðalstjórnar Gróttu í byrjun nóvember 2016 um mikilvægi jákvæðra samskipta. Fyrirlestur Páls var hluti af samstarfsverkefni Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness, skólayfirvalda og íþróttafélagsins til að hvetja til jákvæðra samskipta milli allra aðila og þá ekki síst milli iðkenda. Var farið yfir hvernig elgi að koma fram við börn, þar á meðal af hverju sumar aðferðir í samskiptum virki eingöngu á suma en ekki alla og af hverju ekki sé unnt að nota sömu aðferð á alla.

Formaður barna- og unglingaráðs sótti opnunarráðstefnu verkefnisins Sýnum karakter í byrjun október 2016 en mikill áhugi er fyrir því að ráðið og þjálfarar yngri flokka innan handknattleiksdeildar tileinki sér þær áherslur sem þar eru kynntar. Voru þjálfarar sérstaklega hvattir til að kynna sér heimasíðu verkefnisins þar sem er að finna margar hagnýtar upplýsingar og aðferðir sem þjálfarar geta nýtt sér í þjálfun barna og ungmenna með einföldum hætti.

Til að fylgja þessu eftir voru þjálfarar enn fremur hvattir til að mæta á fyrirlestur Dr. Viðars Halldórssonar, félagsfræðings, í janúar 2017 sem haldinn var á vegum aðalstjórnar Gróttu um mikilvægi þess að styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Þar var einnig verkefnið Sýnum karakter sérstaklega kynnt.

Þá voru iðkendur 5.-2. flokks kvenna og karla hvattir sérstaklega til að mæta á fyrirlestur Agnesar Þóru Árnadóttur, næringafræðings, um mikilvægi góðrar næringar fyrir íþróttafólk, samsetningu máltíða og samspil ólíkra fæðutegunda fyrir íþróttamanninn sem haldinn var á vegum aðalstjórnar í nóvember 2016. Hið sama gilti um fyrirlestur Bjarna Fritssonar sem haldinn var í upphafi árs 2017 einnig á vegum aðalstjórnar Gróttu undir yfirskriftinni Vertu óstöðvandi. Fyrirlestrarnir mæltust vel fyrir og hélt Bjarni síðan annan fyrirlestur fyrir foreldra iðkenda hjá Gróttu þar sem foreldrar fjölmenntu.

Það er ástæða til að hrósa aðalstjórn Gróttu og Kára Garðarsyni, íþróttastjóra félagsins, fyrir áhugavert og vandað fræðslustarf í vetur þar sem jafnframt var komið á sérstöku þverfaglegu fræðsluráði með fulltrúum allra deilda í október síðastliðnum. Það er mjög mikilvægt fyrir einstakar deildir félagsins að geta treyst á svo gott fræðslustarf ásamt því að fá að taka þátt í mótun þess en slíku starfi fylgir alltaf þó nokkur kostnaður sem getur verið þungbær fyrir hverja deild fyrir sig. Þá er þetta ákveðin hagræðing fyrir iðkendur félagsins og foreldra þeirra en oftar en ekki eru iðkendur að æfa fleiri en eina íþrótt hjá félaginu.

Barna- og unglíngaráðið boðaði til sérstakra rýnifunda í febrúar 2017 með foreldraráðum yngri flokka ásamt áhugasömum foreldrum í stað þess að senda út könnun til foreldra. Fundirnir mæltust vel fyrir þótt hefðu mátt vera fjölmennari en mjög góðar ábendingar komu þar fram sem verða teknar áfram til skoðunar. Enn fremur hélt ráðið vinnufund með þjálfurum í lok mars 2017 þar sem farið var yfir farinn veg og hvað mætti betur fara í starfi deildarinnar. Eiga efni þessara funda án efa eftir að koma ráðinu til gagns við að gera gott starf yngri flokka handknattleiksdeildarinnar enn betra á komandi misserum.

Ráðið þakkar þjálfurum og aðstoðarþjálfurum yngri flokka handknattleiksdeildarinnar fyrir vel unnin störf í vetur og gott samstarf. Einnig þakkar ráðið Kristínu Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra félagsins, og Kára Garðarssyni, íþróttastjóra félagsins, fyrir ómetanlega aðstoð og einstaka þolinmæði í garð ráðsmanna að vanda.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Formaður barna- og unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu



Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir	3	35.972.350	44.465.985
Aðrar tekjur	4	13.201.754	12.705.123
		<u>49.174.104</u>	<u>57.171.108</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		14.110.600	13.091.200
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		19.200.000	19.245.000
Áhöld, tæki og búnaður		3.325.602	880.374
Þátttaka og kostnaður vegna móta	5	12.900.957	21.817.870
Annar kostnaður		864.375	996.559
		<u>50.401.534</u>	<u>56.031.003</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(1.227.430)	1.140.105
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		10.003	5.924
Vaxtagjöld		(79)	(1.029)
		<u>9.924</u>	<u>4.895</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(1.217.506)</u>	<u>1.145.000</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2016

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3.178.729	2.988.530
Handbært fé		49.971	605.135
Veltufjármunir samtals		<u>3.228.700</u>	<u>3.593.665</u>
Eignir samtals		<u>3.228.700</u>	<u>3.593.665</u>

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		2.922.181	1.777.181
Tekjuafgangur ársins		(1.217.506)	1.145.000
Eigið fé samtals 6		<u>1.704.675</u>	<u>2.922.181</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>1.524.025</u>	<u>671.484</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.524.025</u>	<u>671.484</u>

Skuldir samtals		<u>1.524.025</u>	<u>671.484</u>
-----------------	--	------------------	----------------

Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.228.700</u>	<u>3.593.665</u>
-----------------------------	--	------------------	------------------



Sjóðstreymi 2016

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2016	2015
Hagnaður ársins		(1.217.506)	1.145.000
Hreint veltufé (til) frá rekstri		(1.217.506)	1.145.000
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(190.199)	(188.947)
Skammtímaskuldir		852.541	(506.716)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		662.342	(695.663)
Handbært fé (til) frá rekstri		(555.164)	449.337
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(555.164)	449.337
Handbært fé í ársbyrjun		605.135	155.798
Handbært fé í árslok		49.971	605.135



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur unglingaráðs.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir	19.200.000	19.200.000
Ferðastyrkir	1.325.000	842.050
Rekstrarstyrkur	4.473.000	4.471.917
Sjálfsaflafé	9.965.000	18.678.000
Ýmis fyrirtæki	100.000	450.000
Lottó	909.350	746.340
Aðrir styrkir og tekjur	0	77.678
	<u>35.972.350</u>	<u>44.465.985</u>

4. Aðrar tekjur

	2016	2015
Æfingagjöld	12.249.855	11.158.206
Tekjur af mótum o.fl.	951.899	1.546.917
	<u>13.201.754</u>	<u>12.705.123</u>



Skýringar

5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2016	2015
Ferðakostnaður, innanlands	11.348.430	10.100.166
Ferðakostnaður, erlendis	0	10.000.000
Þátttökugjöld	1.063.169	905.280
Annar kostnaður	489.358	812.424
	<u>12.900.957</u>	<u>21.817.870</u>

6. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	1.777.181	1.145.000	2.922.181
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	1.145.000	(1.145.000)	0
Afkoma ársins		<u>(1.217.506)</u>	<u>(1.217.506)</u>
Eigið fé 31/12	<u>2.922.181</u>	<u>(1.217.506)</u>	<u>1.704.675</u>